



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 2. bekkur

Íslenska er samofin öllum námsgreinum og skólastarfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Nemendur lesa heima daglega úr sameiginlegri lestrarbók. Í skólanum lesa börnin textann upphátt, ræða saman um efni hans og vinna margvísleg verkefni sem tengjast lesefninu. Auk sameiginlegrar lestrarbókar eru börnin með aukalestrarbók sem tekur mið af lestrargetu og áhuga hvers og eins. Áhersla er lögð á að þjálfra lesfimi, lesskilning og ritun jöfnum höndum. Afar mikilvægt er að heimanámi sé fylgt vel eftir á fyrstu árum lestrarnáms.

### Matsviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu.  
Lesið eigin sögur eða ljóð upphátt fyrir aðra.  
Farið eftir einföldum reglum í umræðum.  
Tekið þátt í hlutverkaleikjum og leikþáttum.  
Hlustað á sögur, leikrit og ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið.

#### Lestur og bókmenntir

Lesið upphátt, skýrt og áheyrilega.  
Svarað spurningum og dregið ályktanir út frá lesefni.  
Sagt frá lesefni og dregið saman aðalatriði.  
Valið lesefni eftir áhuga og lestrargetu.  
Fundið upplýsingar í bókum um fjölbreytt efni.  
Sungið lög af söngdagskrá skólans.  
Útskýrt merkingu nokkurra orðtaka og málshátta.

#### Ritun

Skrifað læsilega og snyrtilega þannig að stafir séu í réttum hlutföllum og sitji á línu.  
Dregið rétt til stafs.  
Skrifað stuttar málsgreinar með bili á milli orða.  
Svarað spurningum skriflega með heilum málsgreinum.  
Skrifað eigin frásagnir, sögur og ljóð og lesið fyrir samnemendur.  
Beitt reglu um stóran staf í sérnöfnum og í upphafi málsgreina.

## **Málfræði**

Raðað orðum í stafrófsröð.  
Greint á milli sérnafna og samnafna.  
Fundið samheiti og andheiti.

## **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í kennslustundum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.  
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

## **Námsmat**

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir, haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Lesfimipróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiviðmið Menntamálastofnunar.
- Lesmál - lesskimunarpróf fyrir 2. bekk er lagt fyrir í apríl.
- Aston Index - stafsetningarpróf fyrir 2. bekk er lagt fyrir að hausti og vori.

Yfirfarið í september 2024